

41

2. I sjóði við árslok 1886 :

	Flutt	Kr.
a. Innritunarskírteini fjárhagsstjórnarinnar Litr. G. fol. 1130	4000,00	
b. I peningum	12,35	4012,35
		<u>4172,35</u>

Skrifstofu norður- og austuramtsins 14. janúar 1887.

J. Havsteen.

P. Gudjohnsen.

42

14. febr. Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja útaf þingsályktun um mælingar á sjó hjer við land. — Með þóknanlegu brjefi 17. sept. f. á., hafð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað þingsályktun, sem samþykkt var á síðasta þingi, og sömuleiðis dagskrá með ástæðum frá neðri deild alþingis viðvíkjandi mælingu á sjávardýpt á ýmsum stöðum við Ísland. Eptir að sjóliðsstjórninni hafði verið ritað um málið og hún beðin að verða við áskorunum þessum, ef unnt væri, hefir hún svarað, að hana því miður bresti fje það, er á þurfi að halda til mælinga þessara, þar sem fjárlaganefnd fólksþingsins hafi í einu hljóði ráðið til að fella tillögu þá um fjárframlög í þessu skyni, sem tekin var upp á frumvarp til fjárlaga fyrir 1887—88 og þessvegna hafi verið sleppt að taka þessa tillögu upp á fjárlagafrumvarp það, er nú hefir verið lagt fyrir fólksþingið, eptir að það hafði verið rofið. Sjóliðsstjórnin tekur það einnig fram í brjefi sínu, að foringjanum á herskipi því, er sent verður hingað til lands til verndar fiskiveiðunum, verði að sjálfsögðu, einsog venjulegt sje, boðið að verja svo miklum tíma til að láta mæla sjávardýpt hjer við land, sem önnur störf hans leyfa,

Um leið og jeg tilkynni yður þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal eigi látið hjálíða í sambandi við þetta hjer með þjónustusamlega að senda yður eptirrit af öðru brjefi frá sjóliðsstjórninni, þarsem skýrt er frá, að hún hafi ákveðið af ástæðum þeim, sem þar eru teknar fram, að láta herskipið Díönu, sem á að vera við Ísland í sumar, fara til Grænlands og vera þar 6 vikur af sumartímanum, en sjóliðsstjórnin hafi þó í huga að láta annað herskip vera í stað Díönu við Ísland nokkurn hluta af þessum 6 vikna tíma.

43

28. febr. Ágrip af brjefi ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu þjóðjarða. — Með brjefi þessu veitti ráðgjafinn landshöfðingja heimild til samkvæmt lögum 8. jan. 1886 um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjarðir, að selja ábúendum þjóðjarðanna Hælis eða Hæls í Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu, Víkur í Dyrhólahreppi í Skaptafellssýslu og Svínadals í Leiðvallarhreppi í sömu sýslu nefndar ábúðarjarðir þeirra, þannig, að söluverðið á Hæli sje 1950 kr., á Vík 6000 kr. og á Svínadal 1500 krónur, og að salan að öðru leyti sje háð skilmálum þeim, sem fram eru teknir í tjeðum lögum, sbr. lög 8. nóv. 1883.

44

14. marz. Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um eptirgjöf á leigum og frest á greiðslu afborgana af hallærísláni. — Með brjefi þessu var Strandasýslu samkvæmt 4. gr. fjárlaganna fyrir árin 1886 og 1887 og